

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Höfðakaupstað, nr. 94 21. ágúst 1961
sbr. rg. nr. 119/1968, 45/1970 og 122/1973.

1. gr.

23. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn
semur og samgönguráðuneytið staðfestir.

2. gr.

Yfirskrift VII. kafla orðist þannig:

Um gjöld til hafnarinnar.**3. gr.**

Greinar nr. 24—33 falla niður og breytist röð eftirfarandi greina og kafla í
samræmi við það.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, stað-
festist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem
hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 11. júní 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnarsjóð Skagastrandar.

I. KAFLI

Um hafnargjöld í Höfðahreppi (Skagastrandarhöfn).

1. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu,
skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnar-
innar, þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttó-stærð skipanna, eins og hún er mest,
skv. mælibréfi skips. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undan-
þegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Lestagjöld.**2. gr.**

- Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt
og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 6.00 á brúttórúmllest.
- Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 3.00 á brúttórúmllest.
- Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 6.00 á brúttórúmllest,
þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
- Bátar minni en 10 tonn greiða lestagjald einu sinni á ári, kr. 400.00 á brúttó-
rúmllest. Lágmarksgjald kr. 2000.00. Gjaldtagi er 1. apríl eða eftir að skipið
hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.